

Kaupfélag Vestur-Húnvetninga

Ársreikningur 2010

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Áritun skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 16

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga
Strandgötu 1
530 Hvammstanga
kt. 680169-1879

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Meginstarfsemi félagsins felst í verslunarrekstri á sviði matvöru, sérvöru og byggingavöru.

Starfsemin á árinu

Heildarvelta félagsins nam 579,3 millj. kr. á árinu og hagnaður ársins var 53,7 millj. kr.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Framtíðaráform

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði árið 2011 og hann var á árinu 2010.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á hagnaði ársins.

Eignaraðild

Félagsmenn í árslok voru 461 í 6 félagsdeildum en voru 473 í ársbyrjun.

Stjórn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga og kaupfélagsstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 29. mars 2011.

Stjórn

Kaupfélagsstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kaupfélags Vestur-Húnavetninga fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og kaupfélagsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og kaupfélagsstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og kaupfélagsstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri, 29. mars 2011.

PricewaterhouseCoopers ehf

Davíð Búi Halldórsson
löggtur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar og félagsmanna Kaupfélags Vestur-Húnavetninga

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kaupfélags Vestur-Húnavetninga höfum yfirfarið ársreikning þennan. Að okkar áliti gefur hann glögga mynd af rekstri félagsins og fjárhagslegri stöðu í lok ársins 2010.

Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Hvammstanga, 29. mars 2011.

Rekstrarreikningur ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur			
Sala verslunardeilda		563.667.231	500.371.346
Sala afurða		2.623.590	2.453.339
Aðrar tekjur		13.010.139	12.261.592
		<u>579.300.961</u>	<u>515.086.277</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		452.773.046	401.230.318
Laun og launatengd gjöld	14	74.340.623	67.681.652
Annar rekstrarkostnaður		28.564.479	27.175.217
Afskriftir	3	4.840.312	5.031.495
		<u>560.518.460</u>	<u>501.118.683</u>
Rekstrarhagnaður		18.782.501	13.967.594
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		11.844.622	20.069.983
Vaxtagjöld og verðbætur		(9.153.823)	(7.810.360)
Gengishagnaður (gengistap)		15.003.599	(7.621.600)
		<u>17.694.398</u>	<u>4.638.022</u>
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélagi	4	21.142.348	8.853.724
Hagnaður fyrir skatta		57.619.246	27.459.341
Tekjuskattur	7	(3.954.342)	2.316.832
Hagnaður ársins		<u>53.664.904</u>	<u>29.776.172</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr.	2010	2009
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstarfjármunir:	3		
Fasteignir		51.682.733	49.539.513
Vélar, áhöld og innréttingar		20.992.638	22.674.461
Bifreiðar		205.190	205.190
		72.880.561	72.419.164
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	4	60.580.642	39.438.294
Eignarhlutir í öðrum félögum	5	6.560.956	7.061.346
Stofnsjóðir og stofnfé		0	11.403
Skuldabréf	6	34.413.778	41.106.536
Tekjuskattsinnæign	7	26.707.185	30.661.527
		128.262.561	118.279.106
Fastafjármunir samtals		201.143.122	190.698.270
Veltufjármunir			
Birgðir	8	40.471.946	38.967.402
Skuldabréf	6	7.817.309	11.601.893
Viðskiptakröfur	9	59.055.399	41.599.021
Aðrar skammtímakröfur		11.926.349	11.162.068
Handbært fé		148.232.253	125.124.920
		267.503.255	228.455.304
Eignir samtals		468.646.377	419.153.574

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Stofnsjóður félagsmanna		2.427.187	2.492.762
Lögbundinn varasjóður		606.797	623.191
Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu		15.885.978	15.480.960
Menningarsjóður		281.754	278.011
Óráðstafað eigið fé		<u>206.316.047</u>	<u>153.039.767</u>
		225.517.763	171.914.692
Skuldir			
Langtímaskuldir:			
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	11	<u>13.591.725</u>	<u>117.781.053</u>
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir	12	118.307.138	102.167.830
Ógreiddur kostnaður		15.555.190	17.728.223
Næsta árs afborganir langtímalána	11	<u>95.674.561</u>	<u>9.561.777</u>
		229.536.889	129.457.830
Skuldir samtals		243.128.614	247.238.883
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>468.646.377</u></u>	<u><u>419.153.575</u></u>
 Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	13		
Aðrar upplýsingar	14		

Sjóðstreymi ársins 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		53.664.904	29.776.172
Rekstraraliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	4.840.312	5.031.495
Aðrir liðir		(32.958.505)	(3.419.714)
		<u>25.546.712</u>	<u>31.387.953</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(18.220.658)	(15.539.332)
Birgðir		(1.504.544)	(5.783.920)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		<u>13.966.274</u>	<u>45.551.928</u>
		(5.758.929)	24.228.676
Handbært fé frá rekstri		<u>19.787.783</u>	<u>55.616.629</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	3	(5.301.709)	(1.765.128)
Kaupverð eignarhluta í félögum		0	(3.024.956)
Afborganir langtímakrafna		<u>11.756.036</u>	<u>14.099.178</u>
		6.454.327	9.309.094
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		0	98.152.574
Greiddar afborganir langtímaskulda		(3.072.945)	(106.548.677)
Aðrar breytingar		(61.832)	193.589
		<u>(3.134.777)</u>	<u>(8.202.514)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		23.107.333	56.723.209
Handbært fé í ársbyrjun		<u>125.124.920</u>	<u>68.401.710</u>
Handbært fé í árslok		<u>148.232.253</u>	<u>125.124.920</u>
Aðrar upplýsingar:			
Innborgaðar vaxtatekjur		12.859.706	18.812.515
Greiddir vextir		(13.221.456)	(5.090.700)

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Við gerð reikningsskilanna samkvæmt góðri reikningsskilavenju þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Breytingar á reikningsskilaaðferðum og framsetningu

Tekjuskattsinneign er nú í fyrsta skipti uppfærð í ársreikningi félagsins. Í stað þess að færa aðeins til gjalda í rekstrarreikningi og til skuldar í efnahagsreikningi tekjuskatt til greiðslu á næsta ári, er nú færður reiknaður tekjuskattur af þeim skattfrestunarheimildum, sem félagið hefur nýtt sér. Nánar vísast til skýringar nr. 7 varðandi tekjuskattsinneignina. Reiknuð tekjuskattsinneign í árslok 2010 er færð til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé í ársbyrjun sbr.skýringu nr. 10 og hefur samanburðarfjárhæðum fyrra árs verið breytt til samræmis. Áhrif þessara breytinga á rekstur og stöðu félagsins eru þau, að hagnaður er kr. 3.954 þús. lægri og eigið fé kr. 26.707 þús. hærra en verið hefði, ef eldri aðferðir hefðu verið notaðar.

1.3 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

1.4 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti og afsláttum. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

1.5 Aðrar tekjur

Umboðslaun eru tekjufærð á grundvelli fyrirliggjandi samninga. Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum og eignarhlutum í félögum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

1.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

1.7 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok ársins. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í byrjun janúar 2011. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstóligna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Skýringar

1.8 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	25-50 ár
Áhöld og innréttingar	6-10 ár
Bífréiðar	6-10 ár

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

1.9 Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í félögum eru að jafnaði eignfærðir á kostnaðarverði.

Eignarhlutar sem tapast hafa vegna gjaldþrota, nauðasamninga eða eignaleysis viðkomandi félaga eru gjaldfærðir í rekstrarreikningi.

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt þeirri aðferð er hlutdeild í hagnaði og tapi hlutdeildarfélaganna eftir kaup færð í rekstrarreikning og hlutdeild í öðrum hreyfingum á eigin fé færð á sérstakan eiginfjárreikning. Uppsöfnuð áhrif eftir kaup koma fram í bókfærðu verði eignarhluta í hlutdeildarfélögum. Hlutdeildarfélög eru félög þar sem félagið á að jafnaði milli 20 og 50% eignarhlut, eða hefur veruleg áhrif án þess að hafa bein yfirráð yfir þeim. Önnleystum hagnaði vegna viðskipta milli félagsins og hlutdeildarféлага er eytt hlutfallslega miðað við eignarhlutdeild. Önnleystu tapi er einnig eytt út hlutfallslega nema gangvirði eigna sé lægra en bókfært verð. Hætt er að taka tillit til hlutdeildar í tapi hlutdeildarfélags þegar bókfært verð er núll nema félagið hafi gengist í ábyrgðir eða lánað hlutdeildarfélaginu.

1.10 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.11 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði.

Skýringar

1.12 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

1.13 Arður

Arður er færður í ársreikning þegar aðalfundur/hluthafafundur hefur samþykkt að greiða arðinn út.

1.14 Tekjuskattsinneign

Mismunur reiknaðs tekjuskatts samkvæmt rekstrarreikningi og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattalegu tapi tímabilsins og kemur til frádráttar á næstu reikningsárum, færist til eignar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsinneign. Mismunur þessi stafar af því að skattalegt tap samkvæmt skattframtali miðast við aðrar forsendur heldur en tap fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í ársreikningi en skattauppgjöri.

Reiknuð tekjuskattsinneign, vegna frádráttarbærs tímabundins mismunar og yfirfærðs ónýtt skattalegs taps, er færð í samræmi við settar reikningsskilareglur og að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður í framtíðinni muni nýtast á móti henni. Frádráttarbær tímabundinn mismunur stafar af því að bókfært verð eigna er lægra en skattalegt verð þeirra en mismunurinn verður frádráttarbær síðar við ákvörðun skattalegrar afkomu.

Reiknuð tekjuskattsinneign er metin með því tekjuskattshlutfalli sem ætla má að verði í gildi þegar til nýtingar á henni kemur.

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytingar. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Skýringar

3. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Bókfært verð 1/1	49.539.513	22.674.461	205.190	72.419.164
Viðbætur á árinu	3.719.286	1.582.423	0	5.301.709
Afskrifað á árinu	(1.576.066)	(3.264.246)	0	(4.840.312)
Bókfært verð 31/12	51.682.733	20.992.638	205.190	72.880.561

Fasteignir félagsins sundurliðast þannig:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Strandgata 1, Hvammstanga	150.852.000	606.530.000	51.682.733

4. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutdeild í hlutdeildarfélögum greinist þannig:

	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Sláturhús KVH ehf	52.500.000	60.580.642

Breyting á hlutdeildarfélagi greinist þannig:

Staða 1/1	39.438.294
Hlutdeild í hagnaði	21.142.348
Staða 31/12	60.580.642

5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutd. í %	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Brauð- og kökugerðin hf	50,0%	600.000	600.000
Búr ehf	1,2%	1.000.000	1.000.000
Fasteignafélagið Borg ehf	2,1%	1.356.749	1.100.000
Fóðurblandan hf	0,4%	2.899.956	2.899.956
Húnakorn ehf	5,7%	125.000	125.000
Ístex hf	1,2%	736.000	736.000
Selasetur Íslands ehf	3,0%	100.000	100.000
		6.817.705	6.560.956

Skýringar

6. Skuldabréfaeign

Afborganir af skuldabréfaeign og öðrum langtímakröfum í árslok 2010 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011	7.817.309
Árið 2012	7.198.827
Árið 2013	6.188.026
Árið 2014	5.619.001
Árið 2015	5.457.992
Síðar	9.949.932
	<u>42.231.087</u>

Skuldabréfaeign, samtals 42,2 millj. króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2011, færðar meðal veltufjármuna	7.817.309
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	34.413.778
	<u>42.231.087</u>

7. Tekjuskattsinneign

Breyting tekjuskattsinneignar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsinneign 1/1	30.661.527
Tekjuskattur af reglulegri starfsemi	(3.954.342)
Tekjuskattur til greiðslu 2011 vegna 2010	0
Tekjuskattsinneign 31/12	<u>26.707.185</u>

Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 1.1.	Staða 31.12.
Varanlegir rekstrarfjármunir	(3.115.324)	(3.198.926)
Viðskiptakröfur	4.093.980	4.868.120
Gengismunur	914.592	(1.492.373)
Yfirfæranlegt tap	28.768.279	26.530.364
	<u>30.661.527</u>	<u>26.707.185</u>

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2011 þrátt fyrir hagnað á árinu 2010 vegna ójafnaðra rekstrartapa frá fyrri árum sem greinast þannig:

Tap ársins 2003, nýtanlegt til ársloka 2013	34.794.262
Tap ársins 2005, nýtanlegt til ársloka 2015	61.052.505
Tap ársins 2008, nýtanlegt til ársloka 2018	36.805.054
	<u>132.651.821</u>

Skýringar

Tekjuskattsinneign frh.

Reiknaður tekjuskattur félagsins af hagnaði fyrir skatta (virkur tekjuskattur) er frábrugðinn þeirri fjárhæð sem kæmi út ef tekjuskattshlutfall er notað til útreikningsins sem hér greinir:

	2010	2009
Hagnaður fyrir skatta	57.619.246	27.459.341
Reiknaður tekjuskattur miðað við 18% skattshlutfall (15% árið 2009)	10.371.464	4.118.901
Skattfrjálsar tekjur (varanlegir mismunir t.d. arður)	(3.805.623)	(1.328.059)
Ófrádráttarbær gjöld	59.219	2.581
Áhrif vegna hækkunar á skattshlutfalli	(2.670.719)	(5.110.255)
	<u>3.954.342</u>	<u>(2.316.832)</u>

8. Birgðir

	2010	2009
Birgðir greinast þannig:		
Kjörbúð	20.444.302	20.152.527
Byggingavörudeild	10.683.585	10.622.086
Pakkhús	9.344.059	8.192.788
	<u>40.471.946</u>	<u>38.967.402</u>

Vátryggingarverð birgða er 86,1 millj. kr. í árslok.

9. Viðskiptakröfur

	2010	2009
Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptmenn, almennir	70.702.477	59.006.114
Innheimtureikningar og víxlar	11.364.746	4.962.661
Fyrirtæki og stofnanir	1.328.776	374.582
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(24.340.600)	(22.744.336)
	<u>59.055.399</u>	<u>41.599.021</u>

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi. Breyting niðurfærslureikningsins greinist þannig:

Staða 1/1	22.744.336	24.521.780
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	21.433	1.525.353
Framlag í afskriftareikning, hækkun (lækkun)	1.574.831	(3.302.797)
Staða 31/12	<u>24.340.600</u>	<u>22.744.336</u>

Skýringar

10. Eigið fé

Breytingar á eiginfjárreikningum 2010 greinast þannig:

Stofnsjóður félagsmanna:

Staða 1/1	2.492.762	
Greitt úr stofnsjóði	(192.362)	
Vextir	154.815	
Fjármagnstekjuskattur	(28.028)	2.427.187

Annað eigið fé:

Lögbundinn varasjóður:

Staða 1/1	623.191	
Tillag úr lögbundnum varasjóð	(16.394)	606.797

Sjóður til stuðnings mjólkurframleiðslu:

Staða 1/1	15.480.960	
Verðbætur	405.019	15.885.978

Sjóðurinn er verðbættur frá þeim tíma sem hann var fullmyndaður.

Eftirstöðvar lána úr sjóðnum í árslok námu 7,4 millj. kr.

Menningarsjóður:

Staða 1/1	278.011	
Tillög í sjóðinn	203.743	
Veitt fé úr menningarsjóði	(200.000)	281.754

Óráðstafað eigið fé:

Staða 1/1	122.378.240	
Tekjuskattsinneign í ársbyrjun	30.661.527	
Leiðrétt staða 1/1	153.039.767	
Verðbætur á sjóð til stuðnings mjólkurframleiðslu	(405.019)	
Hagnaður ársins	53.664.904	
Tillag úr lögbundnum varasjóð	16.394	206.316.047

Eigið fé samtals

225.517.763

11. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

Í JPY, vextir 4,20%	6.733.218
Í CHF, vextir 4,15%	7.390.992
Í EUR, vextir 6,75%	95.142.076
	109.266.286

Skýringar

Langtímaskuldir (frh)

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok 2010 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011	95.674.561
Árið 2012	13.591.725
	<u>109.266.286</u>

Langtímaskuldir samtals 109,3 millj. króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2011, færðar meðal skammtímaskulda	95.674.561
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar	13.591.725
	<u>109.266.286</u>

12. Viðskiptaskuldir

	2010	2009
Viðskiptaskuldir greinast þannig:		
Viðskiptaskuldir, almennar	70.107.069	56.381.224
Skuldir við fyrirtæki og stofnanir	48.200.069	45.786.606
	<u>118.307.138</u>	<u>102.167.830</u>

13. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Veðsetningar

Tryggingabréf til handa Sparisjóðabanka Íslands hf að fjárhæð 100 millj. kr. með veði í fasteignum og tækjum.

Tryggingabréf til handa Sparisjóðnum í Keflavík, Hvammstanga að fjárhæð 50 millj. kr. með veði í fasteignum og tækjum.

Ábyrgðarskuldbindingar

Á fyrirtækinu hvíla engar ábyrgðarskuldbindingar.

14. Aðrar upplýsingar

Starfsmannamál

	2010	2009
Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:		
Laun	61.319.849	57.105.419
Launatengd gjöld	13.020.774	10.576.234
	<u>74.340.623</u>	<u>67.681.652</u>

Hjá félaginu störfuðu að meðaltali 15 starfsmenn á árinu. Laun og þóknanir til stjórnenda námu 10 millj. kr.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.